



Skipulagsstofnun
b.t. Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 8. júní 2023
USK23060107

Skolpdælustöð við Elliðaárvog – beiðni um umsögn um matsskyldu.

Vísað er í bréf Skipulagsstofnunar frá 2.5.2023 varðandi beiðni um umsögn um matsskyldu vegna byggingu skolpdælustöðvar við Elliðaárvog, skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Óskað er eftir umsögn um hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði talið sé að þurfi að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Ágætlega er gert grein fyrir flestum atriðum en það blasir við að staðsetning neyðarrásar beint út í mynni Elliðaáa er afar óheppilegt. Elliðaárvogurinn er þegar undir álagi og einnig eru tvær aðrar dælustöðvar á svæðinu.

Fram kemur að reynt verði að tímasetja notkun neyðarútrásar með tilliti til sjávarfalla. Undirritaður hefur efasemdir um að það sé alltaf hægt t.d. ef verður óvænt bilun eða of mikið álag.

Undirritaður telur að skoða þurfi fleiri valkosti varðandi útrásina og einnig möguleg samlegðaráhrif bæði vegna álags af öðrum skolpdælustöðvum og annars álags sem er á Elliðaárvog.

Undirritaður telur eðlilegt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum sem ætti ekki að þurfa að vera umfangsmikið þar sem mikið liggur fyrir af gögnum.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,

Þórólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður, 02.06.2023

MFRI: 2023-05-160

Efni: Matsskyldufyrirspurn vegna Skólpdælustöðvar við Elliðaárvog.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar (tölvupóstur) dags. 2. maí 2023, þar sem óskað er eftir álitum Hafrannsóknastofnunar vegna fyrirhugaðrar skólpdælustöðvar við Elliðaárvog. Veitur ohf. hyggst reisa skólpdælustöð við Elliðaárvog vegna fyrirhugaðra breytinga á landnotkun við Elliðaárvog og Ártúnshöfða. Breyting á landnotkun felur í sér að svæðið við Elliðaárvog og Ártúnshöfða breytist úr atvinnu-, þjónustu- og iðnaðarstarfsemi í að mestu íbúðabyggð. Fyrirhuguð skólpdælustöð við Elliðaárvog kemur í stað núverandi skólpdælustöðvar sem staðsett er við Sævarhöfða. Frá fyrirhugaðri skólpdælustöð verður lögð neyðarútrás í samræmi við lög og reglugerðir fyrir slíka losun fráveitu. Í fyrirspurn um matsskyldu kemur fram að neyðarútrásin verði lítið sem ekkert notuð utan að hana gæti þurft að nota ef óvænt bilun kemur upp, ef aftakarennslí verður í fráveitukerfinu eða ef sinna þarf viðhaldi. Hönnunarrennslí dælustöðvarinnar er 450 l/s en hún er hönnuð fyrir meira rennslí heldur en von er á með það í huga að lágmarka rennslí um neyðaryfirfall. Það rennslí samsvarar um 20.000 persónueiningum (pe) miðað við mesta rennslí og með öryggisstuðlum á útreikningum.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir erindið og meðfylgjandi kort og teikningar af fráveitulögnum. Fyrirhugað er að neyðarútrás dælustöðvarinnar verði lögð í sjó frá ysta tanga Sævarhöfða, í ós Elliðaáa. Útrásin verður lögð frá dælustöðinni og mun liggja í það minnsta 20 m út fyrir stórstraumsfjörumörk eða í það minnsta 5 m niður fyrir stórstraumsfjörumörk, skv. lögum um fráveitur og skólp.

Svæðið í og við Elliðaárvog er mikið raskað og rannsóknir á botndýralífi í Elliðaárvogi, sem gerð var í tengslum við landfyllingu norðan við Ártúnshöfða, bendir til að lífríki á botni sé frekar einsleitt með fáar tegundir og lágan fjölbreytileika sem eru einkenni raskaðra botndýrasamfélaga (Jörundur Svavarsson 2015). Á ákveðnum tíma árs ganga um Elliðaárvog laxfiskar (lax og sjóbirtur) auk áls á ferðum sínum milli ferskvatns og sjávar. Á þeim ferðum dvelja þessar tegundir um tíma í Elliðaárvogi og á ósasvæði Elliðaáa (Guðjónsson o.fl. 2005, Friðþjófur Árnason o.fl. 2021).

Hafrannsóknastofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við matskyldufyrirspurn vegna skólpdælustöðvar í Elliðaárvogi.

1. Fram kemur í kafla 2.3.2 (Viðtaki) að við notkun neyðarútrásar verði fráveitu veitt í vatnshlotið *Innri sund – Elliðaárvogur – Grafarvogur, vatnshlotanúmer 104-1303-C (Strandsjór)* og að vistfræðilegt ástand vatnshlotsins sé metið gott (Stjórn vatnamála, 2023). Samkvæmt vatnavefsja (Stjórn vatnamála, 2023) er **markmiðið** að vistfræðilegt ástand vatnshlotsins sé gott. Hafrannsóknastofnun bendir hinsvegar á að samkvæmt framangreindri heimild er vistfræðilegt ástand vatnshlotsins **óflokkað** og því er ekki rétt að segja að vistfræðilegt ástand þess sé gott. Rannsóknir á botndýrasamfélögum í Elliðaárvogi benda t.d. til að samfélög botndýra sé verulega raskað (Jörundur Svavarsson, 2015). Efnafræðilegt ástand vatnshlotsins var hinsvegar flokkað sem gott, en hafa ber í huga að vatnssýni til greiningar á efnafræðilegu ástandi voru tekin við Klettagarða, sem er nokkru utan við fyrirhugaðan framkvæmdastað og legu neyðarútrásar. Eins og fram kemur í matskyldufyrirspurn er talið að álag á svæðinu sé talsvert en magn þeirra óvísst.
2. Í matskyldufyrirspurn kemur nokkrum sinnum fram að neyðarútrás skólpdælustöðvarinnar verði sjaldan notuð. Erfitt er að átta sig á hvað „sjaldan“ eða „tíðni lítil“ þýðir. Til að meta áhrif neyðarútrásar væri nauðsynlegt að áætla (t.d. miðað við fyrri reynslu af öðrum sambærilegum dælustöðvum) hversu oft og í hvað langan tíma áætlað er að neyðarútrásin verði notuð. Í því sambandi bendir Hafrannsóknastofnun á að í sambærilegri neyðarútrás skólps frá afmörkuðu svæði Stefnisvogs (frá Vogabyggð) kom fram að áætlanir geri ráð fyrir að notkunin verði að meðaltali 34 mínútur á ári, en einnig var tilgreint að tíðni notkunar neyðarrásar sé lítil og tími hvernar útlosunar stuttur. Miðað við útlosun á tveggja ára fresti var magn skólps þar áætlað 22 m³ í hvert skipti miðað við 1.481 PE.
3. Í kafla 3.7. (Fiskar) kemur fram að niðurbrot á lífrænu efni (sem mikið er af í skólpi) geti valdið súrefnisskortri í viðtaka. Gera þarf grein fyrir hvort slík áhrif eru langvarandi þ.e. hvort mikið magn af skólpi (t.d. einstök neyðarlosum í stuttan tíma) geti haft langvarandi áhrif á næringarástand og súrefnismagn á afmörkuðu skjólsælu svæði eins og Elliðaárvogur er.
4. Í skólpi geta verið ýmis mengandi efni (t.d. lyfjaleyfar, hormón, hreinsiefni, olíur og næringarefni). Slík efni geta haft neikvæð áhrif á lífverur. Laxfiskar á hrygningargöngu nýta lyktarskyn á göngu upp í sína heimaá en litlar rannsóknir eru til um áhrif mengunar á hegðun laxa á hrygningargöngu upp í ferskvatn. Að framansögðu er því mjög erfitt að segja til um áhrif neyðarlosum skólps á lífverur sem nýta sér svæðið í nágrenni við útrás en vert er að gera grein fyrir þessum þætti vegna reksturs skólpdælustöðvarinnar.
5. Í kafla 4 (Samantekt) kemur fram að framkvæmdaraðili telur að þeir umhverfisþættir sem viðkvæmastir eru fyrir framkvæmdinni séu fiskar og fuglar. Ósar Elliðaánna eru mikilvægir, bæði fyrir fiska og fugla og telur framkvæmdaraðili mikilvægt að horft sé til þess hvort fiskar séu að ganga upp árnar eða eigi viðveru í ósum, þegar neyðarútrás verður notuð. Hafrannsóknastofnun telur að framkvæmdaðili þurfi að gera grein fyrir hvernig ætlunin sé að afla vitneskju um hvort fiskar sé á göngu um svæðið eða hafi þar viðveru þegar neyðarútrás verður notuð.
6. Í kafla 2.1.1 kemur fram að einnig sé til skoðunar að leggja nýja dælulögn frá nýju dælustöðinni að sjálfrennslilögn vestan við Elliðaár. Hafrannsóknastofnun bendir á að ef að þeirri lögn verður mun

hún þvera Elliðaárnar með tilheyrandi álagi og raski sem vert væri að meta sem hluta af framkvæmdum við nýja skólpadælustöð við Elliðaárvog.

7. Fram kemur að framkvæmdaraðili mun reyna að tímasetja notkun neyðarútrásar þannig að sjávarföll teljist hentug. Leitast verður eftir því að vatnaskipti í voginum séu sem best, útþynning næringarefna og lífrænna efna sem mest og þ.a.l. umhverfisáhrif sem minnst á sem flesta umhverfisþætti. Fram kemur einnig að neyðarútrásin verði eingöngu notuð í neyðartilfellum t.d. ef sinna þarf viðhaldi, ef óvænt bilun kemur upp eða aftakarensli er í fráveitukerfinu. Hafrannsóknastofnun bendir á að erfitt getur reynst að tímasetja notkun neyðarútrásar við hentug sjávarföll ef óvænt bilun kemur upp eða ef aftakarensli er í fráveitukerfinu.

Að lokum áréttar Hafrannsóknastofnun að ósasvæði Elliðaáa er undir álagi frá núverandi og fyrirhugaðri starfsemi á svæðinu. Sem dæmi um fyrirhugaðar framkvæmdir og starfsemi má nefna Borgarlínu sem áætlað er að þveri Elliðaárósa, Sundabraut sem þverar Elliðaárvog utanverðan og að unnið er að landfyllingum á ósasvæðinu. Þessar framkvæmdir geta hugsanlega haft áhrif á þau straumlíkön sem gerð hafa verið fyrir svæðið og vitnað er til í matskyldufyrirspurninni. Hafrannsóknastofnun bendir einnig á að umhverfisáhrif einstakra framkvæmda geta verið hverfandi en samlegðaráhrif margra slíkra framkvæmda innan sama vatnasviðs eða svæðis geta hins vegar verið umtalsverð og haft verulega neikvæð áhrif á vatnsgæði og lífverusamfélög.

Heimildir:

Friðþjófur Árnason, Hlynur Bárðarson, Sigurður Óskar Helgason og Jóhannes Sturlaugsson. 2021. Farleiðir laxa og urriða á ósasvæðum Elliðaáa og Leirvogsár árin 2017 og 2018. Hafrannsóknastofnun. HV 2021-06. 38 bls.

Guðjónsson, S., Jónsson, I.R. og Antonsson, Þ. 2005. Migration of Atlantic Salmon, *Salmo salar*, smolt through the estuary area of River Ellidaar. *Environmental Biology of Fishes*. 74: 291-296.

Jörundur Svavarsson. 2015. Botndýralíf í innsta hluta Elliðavogs norðan Ártúnshöfða á fyrirhugaðri landfyllingu. Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands. 24 bls.

Stjórn vatnamála. (2023). Vatnavefsjá Umhverfisstofnunar. Sótt frá <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-1303-C>

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Friðþjófur Árnason

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK
Ísland

Reykjavík, 31. maí 2023
Tilvísun: 2023050297/25.21

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um matsskyldufyrirspurn vegna skólþælustöðvar Veitna í Elliðavogi

Vísað er til tölvubréfs Skipulagsstofnunar dags. 2. maí 2023 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um matsskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðar skólþælustöðvar Veitna í Elliðavogi. Í umsögninni skal koma fram hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði talið sé að þurfi að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila. HER hefur farið yfir tilkynninguna og gerir eftirfarandi umsögn.

Skólþreinsistöðvar, útrásadælustöðvar og fráveitur eru starfsleyfisskyldar hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga sbr. IX. viðauka í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. HER gefur út starfsleyfi fyrir fráveitukerfi Veitna í Reykjavík og verður umrædd dælustöð felld undir það leyfi.

Fyrirhuguð dælustöð verður þriðja dælustöð Veitna á sama svæði við ósa Elliðaár. Neyðarútrás frá dælustöðinni mun opnast beint við ármynnið þannig að ljóst er að neyðarlosun kemur til með að hafa bein áhrif á ána og þá fiska sem í hana ganga. Elliðavogur og Elliðaá eru þegar undir miklu álagi vegna fjölda framkvæmda á svæðinu og þarf að meta hverja nýja viðbót við það álag í samhengi við heildina. HER telur mjög óæskilegt að neyðarútrás opnast á þessum viðkvæma stað og telur nauðsynlegt að meta hvort fleiri valkostir komi til greina þar sem komið verður í veg fyrir losun á þessum stað. Þegar komnar eru þrjár útrásir fyrir skólp á þessum stað þyrfti að gera ráð fyrir vöktun á áhrifum losunar í viðtaka, en auk gerlamengunar geta óæskileg efni í skólpi s.s. svokölluð forgangsefn i sem eru hættuleg og þrávirk efni sem valda alvarlegri mengun eða eitrun í vatni eða út frá því og raðað er í forgangsröð eftir hættu sem af þeim stafar. Auk þess getur losun um neyðarútrás haft neikvæð áhrif á nærliggjandi íbúðarbyggð, sérstaklega lyktar og sjónræn áhrif. Vegna mikillar uppbyggingar kemur byggðin til með að liggja mjög þétt að þessu svæði.

Fram kemur að framkvæmdaraðili muni reyna að tímasetja notkun neyðarútrásar þannig að sjávarföll teljist hentug til þynningar í voginum. HER fær ekki séð að unnt sé stýra notkun neyðarútrásar á þennan hátt, slíkar útrásir opnast helst vegna álags á kerfið, rafmagnsleysis eða bilanna og því ólíklegt að unnt sé að stýra losun nema ef um skipulagt viðhald á stöðinni sé að ræða.

Í ljósi ofangreinds telur HER að umrædd framkvæmd ætti að sæta mati á umhverfisáhrifum. Skoða þarf sérstaklega aðra valkosti, vöktun og möguleg samlegðaráhrif mengunar frá öllum þremur dælustöðvum.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. maí 2023
Málsnúmer: 202305-0003
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu skólpdælustöðvar við Elliðaárvog.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 2. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu framkvæmdar Veitna ohf á nýrri skólpdælustöð við Elliðaárvog.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð sem fylgdi tilkynningunni og telur að ítarlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar. Nýlegar athuganir á fugla- og botndýralífi og faratferli laxfiska á svæðinu, í tengslum við umhverfismat væntanlegrar landfyllingar, gefa ágætar upplýsingar sem nýtast vel til að leggja mat á umhverfisáhrifin af skólpdælustöðinni. Náttúrufræðistofnun telur ekki þörf á að afla frekari upplýsinga um náttúrufar svæðisins við undirbúning þessarar framkvæmdar en styrkja ætti langtímavöktun til að meta áhrif af rekstri skólpdælustöðva Veitna ohf í Elliðaárvogi.

Sá áhrifaþáttur framkvæmdarinnar sem vegur þyngst að mati Náttúrufræðistofnunar er neyðarútrásin, og þá einkum notkun hennar þegar skólp er losað í Elliðaárvog. Eins og fram kemur í greinargerðinni er lífríki vogsins auðugt og með hátt verndargildi, einkum fuglalíf og laxfiskar sem eiga farleið um og dvelja í vöginum. Öll skólpmengun er þar afar óheppileg og því grundvallaratriði að notkun neyðarútrásar sé haldið í algjöru lágmarki eins og stefnt er að, ekki síst því tvær aðrar dælustöðvar eru við vögin.

Jákvætt er að stefnt sé að því að græða upp gróðurþekju sem raskast sem og að huga að endurheimt fjörubotns sem raskast við lagningu neyðarútrásar.

Þrátt fyrir hátt verndargildi náttúrusvæðisins telur Náttúrufræðistofnun ekki þörf á að þessi framkvæmd ein og sér fari í umhverfismat og það myndi litlu bæta við þá umfjöllun sem er í greinargerð tilkynningarinnar. Hins vegar er ljóst að í ljósi mikilla uppbyggingaráforma á svæðinu er afar mikilvægt að skoða vel samlegðaráhrif hina ýmsu framkvæmda þ.m.t. þessarar. Lífríki svæðisins er undir töluverðu álagi á svæðinu nú þegar og því brýnt að átta sig á hvaða áhrif skipulags- og framkvæmdaáform munu hafa. Mikilvægt er að þetta sé greint gaumgæfilega t.d. í frekari skipulagsvinnu en einnig að þetta sé haft í huga við áframhaldandi undirbúning einstakra framkvæmda.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.



Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun
b.t. Egils Þórarinssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2023
UST202305-020/R.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matskyldufyrirspurn - Skólþdælustöð í Elliðaavogi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst 2. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er háð leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og strands og reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjávarleiðslna.

Framkvæmdarlýsing

Veitur ohf (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) hyggjast reisa dælustöð fyrir skólþ við Elliðaárvog vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar íbúðarhverfis við Elliðaárvog og á Ártúnshöfða. Nýju dælustöðinni er ætlað að leysa af hólmi núverandi dælustöð sem er staðsett á Sævarhöfða, en núverandi stöð mun ekki anna fyrirhugaðri byggð og verður hún því tekin úr notkun.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslunni er fjallað um staðsetningu og umhverfi framkvæmdarinnar og hvernig reynt verður að lágmarka sjónræn áhrif mannvirkja með hönnun sem fellur inn í landslagið. Engar náttúruminjar eða verndarsvæði eru á sjálfu framkvæmdarsvæðinu en í nálægð við það er eitt friðlýst svæði, Háubakkar og þrjú svæði á náttúruminjasrá, leirurnar í Grafarvogi á B-hluta, og Elliðaárdalurinn og Gufuneshöfði á C-hluta. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á þessi svæði.

Í skýrslunni er fjallað ítarlega um dýralíf, gróður og vistgerðir á staðnum, möguleg áhrif framkvæmdanna á þau og fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir. Umhverfisstofnun hefur engar athugasemdir við þær áðgerðir en finnst mikilvægt að þeim verði fylgt eins og kostur er. Neyðarútrás frá stöðinni er færð og mun áfram liggja út í Elliðaárvog-Grafarvog, vatnshlot nr. 104-1303-C, sem er strandsjór. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirtækinu ber að fylgja ákvæðum laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum um a.m.k. gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand.

Ástand vatnshlotsins hefur ekki verið vistfræðilega flokkað vegna skorts á gögnum en teknar hafa verið fjórar forgangsefnaþælingar sem dugar ekki til, til að staðfesta efnafræðilegt ástand.

Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 3.10 er texti í lok kaflans um að skólpið verði hreinsað í samræmi við ákvæði rgl. um fráveitur og skólpi en eins og fram kemur í skýrslunni er ekki um hreinsun á skólpi að ræða heldur bara dælingu á því í hreinsistöð.

Bent er á að ekkert er fjallað um loftslagsbreytingar og áhrif aukinnar úrkomu og úrkomuákefðar sem líkur eru á að geti haft verulega neikvæð áhrif á fráveitukerfin. Þess má geta að í tillögu að nýrri skólptilskipun frá Evrópusambandinu eru tillögur um bætt eftirlit með losun á óhreinsuðu yfirborðsvatni og að draga eigi úr slíkri losun eftir fremsta megni. Á skipulagsstigi fyrir nýja skólpdælustöð er því mikilvægt að gert verði ráð fyrir að geta stækkað við dælustöðina verði þörf á því síðar með auknu álagi vegna úrkomu.

Niðurlag

Umhverfisstofnun telur skýrsluna nákvæma og góða og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina eins og henni er lýst þar. Stofnunin er sammála mati skýrsluhöfunda um að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg og telur því að hún sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir

sérfræðingur



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis.
henny@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun

Jakob Gunnarsson, sérfræðingur, svið umhverfismats

Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2023
MÍ202305-0040/6.07

Efni: Skólpdælustöð í Elliðaárvogi - matsskyldufyrirspurn

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvubréf Skipulagsstofnunar dags 2. maí 2023 þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Meðfylgjandi erindinu var greinargerð unnin af Eflu verkfræðistofu dagsett 03.04.2023.

Veitur ohf. áforma að byggja nýja skólpdælustöð vegna fyrirhugaðrar breytingar við uppbyggingu nýrra hverfa við Elliðaárvog og Ártúnshöfða. Núverandi skólpdælustöð við Sævarhöfða verður tekin úr rekstri og fjarlægð þar sem afkastageta stöðvarinnar er ekki nægileg til að anna fyrirhugaðri uppbyggingu. Fyrirhuguð framkvæmd verður á manngerðri, landfatri landfyllingu á vestanverðum Sævarhöfða sem varð til á árunum 1965-1975. Engin byggð er á svæðinu en göngu- og hjólastígur þverar landfyllinguna að suðaustanverðu. Nýja dælustöðin verður staðsett við austurhluta ármynni Elliðaár með aðgengi frá akfærum göngustíg.

Í kafla 3.3 í greinargerðinni er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar fornleifar. Þar er vísað í fornleifaskráningu sem nefnd var „Elliðaárvogur við Ártúnshöfða“ unnin af Önnu Lísu Guðmundsdóttur og Margréti Björk Magnúsdóttur árið 2021. Þar segir að engar fornleifar séu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eða í nágrenni þess og vísað er í mynd 3.2 af svæðinu sem sýnir skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á skráningarsvæðinu.

Fyrir liggur fornleifaskráning, *Ártúnshöfði-Fornleifaskrá*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur, skýrsla nr. 212 útgefin árið 2021. Þegar bornar eru saman mynd nr. 3.2 í meðfylgjandi greinargerð og mynd nr. 24 í fyrirbyggjandi fornleifaskráningu má sjá að um sömu mynd er að ræða og því má ætla að í greinargerðinni sé verið að vísa í fyrirbyggjandi fornleifaskrá þó nafnið sé ekki það sama. Engar fornleifar eru skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Fyrir liggur húsakönnun, *Ártúnshöfði-Svæði 1-4-Húsakönnun*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur, skýrsla nr. 211 útgefin árið 2021. Engin hús eða mannvirki eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreinda framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 hefur farið fram og teljast þær skráningar fullnægjandi.

Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Jakob Gunnarsson (Jakob.Gunnarsson@skipulag.is)